



**SPURNINGAR FORELDRA BARNA Í
HAMRASKÓLA**
og íbúa í Hamra- og Bryggjuhverfi

SPURNINGAR OKKAR:

- Skólastarf/fagleg rök
- Hamrasetur/sérdeild einhverfra Hamraskóla
- Félagsleg rök/unglingamenning
- Hverfarök (þ.m.t. samgöngur)
- Fjárhagsleg rök
- Aðrar vangaveltur



SKÓLASTARF/FAGLEG RÖK

- Skv. heildstæðu mati á skólastarfi í Hamraskóla fékk hann einkunina „**Framúrskarandi skóli**” – hvernig mun fyrirhugaður safnskóli ná betri faglegum ávinningi?
- **Hver verður hinn faglegi ávinningur?**
Við viljum fá rökstuðning fyrir faglegum ávinningi af sameiningunni sem studdur er vísindalegum rannsóknum, að skilgreint sé hver séu fagleg markmið og undirmarkmið sameiningar, útlistað frá upphafi hvaða leiðir verði farnar að þeim markmiðum, hvernig faglegur árangur af sameiningunni verði metinn á hlutlausan hátt og innan ákveðinna skilgreindra tímamarka.
- Skv. Aðalnámskrá grunnskóla 2011 hefur valgreinum á unglíngastig verið fækkað úr þriðjungi námsins í **fimmtung** – hvernig getur aukið framboð á vali þá verið rök fyrir sameiningunni?
- Skv. framsögu stýrihóps á fundi í Foldaskóla munu **bekkir** í safnskólanum verða **fjölmennari** en í dag – hvernig er á sama tíma hægt að halda því fram að með sameiningunni verði í auknum mæli komið „til móts við þarfir sérhvers nemenda”?



SKÓLASTARF/FAGLEG RÖK FRAMH.

- Á að útrýma litlum skólum? Fjölmennir skólar henta ekki öllum.
- Lögð er áhersla á að kennarar í stærri skólum geti verið sérhæfðari og náð dýpri fagþekkingu. Væri ekki hægt ná því fram með því að flytja einstaka kennara milli skóla eða þeir kenndu faggreinina sína í fleiri en einum skóla, í stað þess að flytja heilu árgangana á milli skóla?
- Hversu langt er undirbúningur að sameiningu skólanna kominn þegar einungis eru fjórir mándir eftir af þessu skólaári? Hefur námsskrá, skóladagatal, kennsluefni, agastjórnunarkerfi, kennsla og námsmat skólanna þriggja verið samræmt til að nemendur komi með sama undirbúning í nýjan skóla?
- Ef hinn nýi safnskóli tekur til starfa, verður þá auglýst eftir nýjum stjórnendum og **tryggt** að ráðinn verði utanaðkomandi skólastjóri, þannig að allir byrji á sama grunni?
- Hvað með vægi faglegs starfs innan Hamraskóla? T.d. verkefna sem áttu að þróast með aldri nemenda, tónlistarstarf innan skólans o.fl.?



HAMRASETUR

SÉRDEILD EINHVERFRA VIÐ HAMRASKÓLA

- Hver verða örlög sérdeildar einhverfra?
- Einhverf börn þurfa mikinn stöðugleika og allar breytingar krefjast mikils átaks og undirbúnings - var þúið að skoða sérstaklega áhrif sameiningarinnar á sérdeildina?
- Á að stofna margra ára starfi, trausti og árangri barna í hættu, í pólitísku valdatafli?
- Hvernig eiga einhverfir unglingar að fara í bekkinn sinn, eftir flutning unglingsdeildar í safnskóla?
- Hamraskóli hefur aðlagast sérdeildinni mjög vel en einhverfum börnum fylgir stundum hávaði og öðruvísi hegðun. Á að byrja starfið upp á nýtt í Foldaskóla?
- Hefur verið haft eitthvað samráð við starfsfólk sérdeildarinnar og annað fagfólk í málefnum einhverfra?



FÉLAGSLEG RÖK - UNGLINGAMENNING

- Sagt er að með sterkri unglingsdeild í Foldaskóla styrkist unglingsmenning. Hver hefur óskað eftir breytingum á unglingsmenningu Hamrahverfis, sem er í dag mjög góð?
- Hlutfallsleg aðsókn unglings Hamrahverfis í félagsmiðstöðina í skólanum er með því besta sem gerist í Reykjavík og helst í hendur við að fagstarf er talið mjög gott í Græðgyn. Kannanir benda til þess að minni aðsókn sé í stærri félagsmiðstöðvar og unglings sækir félagsmiðstöðvar síður ef langt er að fara. Hvernig ætlið þið að tryggja að aðsóknin haldist jafn góð í Fjörgyn?
- Verður boðið upp á frístundastrætó í félagsmiðstöðina?
- Við óttumst að unglingsarnir detti frekar út úr tómstundastarfi, þar sem löng ganga í skólann bætist við aðrar ferðir vegna tómstunda. Hafa hugsanleg áhrif lengri vegalengdar í skóla á þátttöku í öðru tímastundastarfi verið metin?



FÉLAGSLEG RÖK - UNGLINGAMENNING

- Stærra félagasvæði þýðir að virkt eftirlit foreldra með unglíngunum minnkar og líkur á áhættuhegðun unglínga aukast – hvernig fer þetta saman með forvarnastefnu Reykjavíkurborgar?
- Á sínum tíma börðust foreldrar fyrir því að fá unglíngana sína úr Foldaskóla og inn í hverfisskólann. Unglíngamenning í hverfinu stórbatnaði – hvernig á það að bæta hana að flytja krakkana aftur úr hverfinu?
- Ef félagsmiðstöðinni í Hamraskóla verður lokað, hvaða aðgerðir verður þá farið í til að koma í veg fyrir að „félagsmiðstöðin undirgöngin við Olís” opni á ný?
- Verður frístundastarf áfram fyrir 10-12 ára í Hamraskóla?
- Í félagsmiðstöðvunum þremur eru í dag 12 starfsmenn í mismiklu starfshlutfalli – verður fjöldi stöðugilda óbreyttur eða þýðir þetta að hver starfsmaður þarf að sinna fleiri unglíngum (minni sveigjanleiki, verri þjónusta)?



HVERFARÖK Þ.M.T. SAMGÖNGUR

- Vegalengdir aukast. Það hefur í för með sér aukið skul fyrir foreldra, bæði í skóla, tómstundir og til vana. Er þetta nokkuð annað en aukaskattur á foreldra í hverfinu?
- Engin strætó gengur í hverfið – okkur er sagt að verið sé að „skoða” málið og „stefnt” sé að því að strætó verði í áætlun um hverfið í haust. Hvaða tryggingu höfum við fyrir betri almenningssamgöngum og að þær verði ekki lagðar af aftur eftir sameiningu?
- Stendur til að starfrækja skólabíl úr hverfinu?
- Hvað verður gert til að laga flöskuhálsinn út úr hverfinu á morgnanna (þ.e. beint yfir á Fjallkonuveg). Fyrirséð er að umferð þar yfir mun aukast á morgnanna og svo aftur frá Fjallkonuvegi á Gullinbrú til suðurs? Í dag komast yfir gatnamótin úr Hamrahverfi ca. 70 bílar á 40 mínútum?
- Hvernig verður aðkoman að Foldaskóla löguð þannig að hægt sé að keyra börnin í skólann og snúa við án þess að stofna gangandi vegfarendum á leið í skólann í hættu og komast með auðveldum hætti aftur inn í umferðina?



HVERFARÖK FRAMH.

- Hefur verið metið hvaða áhrif það kann að hafa á hverfisbrag að ekki er lengur heildstæður skóli frá 1-10 bekk í hverfinu?
- Ætlið þið að bera ábyrgð á því ef eftirspurn eftir húsnæði í hverfinu minnkar með tilheyrandi verðfalli á fasteignum?
- Hvaða starfsemi kemur inn í það rými sem losnar í Hamraskóla? Hafa foreldrar eitthvað um það að segja?
- Hvað verður um Hamraskóla? Hvaða tryggingu höfum við fyrir því að hann verði ekki innan fárra ára einnig sameinaður Foldaskóla og þar með gert út af við búsetuskilyrði í hverfinu?
- Grunnþjónusta s.s. gæsluvöllur, strætó og fleira er horfin – í hvað fara skattpeningarnir okkar ef enn á að skerða þá litlu grunnþjónustu sem eftir er?
- Við höfum þegar orðið fyrir tveimur sameiningum sem mikil óánægja er með – er ekki komið nóg í þessu hverfi?



FJÁRHAGSLEG RÖK

- Frá upphafi voru rökin fyrir sameingu menntastofnanna nær eingöngu hagræðing í rekstri – hvers vegna eru rökin fyrir sameiningunni núna orðin fagleg? Var það vegna þess að það verður enginn sparnaður?
- Ekki hægt að sjá neinn sparnað af sameiningunni er snertir skólastarfið. Er eina hagræðingin fólgin í að leggja niður félagsmiðstöðina?
- Ef spara þarf í frístundastarfi borgarinnar, væri þá ekki eðlilegt að allir tækju á sig þá hagræðingu jafnt t.d. með því að segja upp einum starfsmanni af fjórum á öllum félagsmiðstöðvum í borginni?
- Hver er kostnaður af áformunum á móti? T.d. kostnaður við að gera breytingar á sérdeildinni, við að setja upp stoppistöðvar og biðskýli fyrir strætó, við að breyta aðkomu við Foldaskóla, breytingar á gatnamótum við Gullinbrú o.s.frv.?
- Hver var kostnaðurinn við að flytja frístundaheimilið frá Kidduróló og inn í skólann?
- Hvað með þann aukna kostnað sem við foreldrar verðum t.d. vegna aukinnar bensíneyðslu?



FJÁRHAGSLEG RÖK – FRAMH.

- Er félagsmiðstöðvum úthlutað vissu fjármagni á hvert barn til reksturs starfsins eða eru bara fleiri börn um hituna í stærri félagsmiðstöðvum?
- Þegar börnum fækkar í Hamraskóla hvernig á þá að vera hægt að reka hann á enn minna fjármagni þegar fastir liðir eins og innri leiga eru óbreyttir?
- Hvað sparast í rekstri skólans við flutning unglíngadeildarinnar í Foldaskóla (óháð félagsmiðstöðinni) og þegar búið er að reikna á móti þann aukakostnað sem af flutninginum hlýst?
- Er þetta eitthvert vit?



AÐRAR VANGAVELTUR

- Er ekki vanhugsað að flytja unglिंगadeildina úr Hamraskóla á þeirri forsendu að hún sé svo fámenn, þegar botninum er að verða náð í nemendafækkun og útlit er fyrir fjölgun nemenda eftir 2013?
- Hvernig er hægt að bjóða foreldrum upp á að þröngva í gegn sameiningu skóla á forkastanlegum hraða með svo til engum undirbúningi og á sama tíma fara fram á „jákvæð viðhorf þeirra til breytinganna sem framundan eru“ ?
- Sviðsstjóri skóla og frístundasviðs sendi foreldrum bréf á föstudaginn þar sem segir: „Ég treysti áfram á þátttöku ykkar og liðsinni og hvet ykkur til að koma ábendingum til skólastjórnenda og fulltrúa foreldra í stýrihópi þannig að finna megi bestu lausnir á öllum vanda sem þið sjáið fyrir eða upp kann að koma í breytingaferlinu.“ Hverju hafa ábendingar og varnaðarorð foreldra og annarra hagsmunaaðila skilað hingað til? Af hverju ætti það að breytast nú?

